

Viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni, ofbeldis

Upphaf ferlis

Tilkynning/upplýsingar berast ábyrgðaraðila: Sigurlaug R. Sævarsdóttir, skrifstofustjóri, sigurlaug@grundarfjordur.is, s: 430 8500

Ábyrgðaraðili spyr þann sem tilkynnir um;

- lýsingu á hegðun
- hver sé gerandi
- hvenær hegðun hafi átt sér stað og hvar og hverjir hafi verið viðstaddir

Skjölun: Ábyrgðaraðili fer yfir upplýsingar og skjalas.

Óformlegt ferli

Ef þolandi tilkynnir og óskar eftir trúnaði og/eða vill ekki hefja ferli þarf ábyrgðaraðili að meta hvort það sé heimilt.

Ef heimilt: Rannsókn fer ekki fram og aðeins brugðist við með stuðningi við þolanda. Ekki skjalað hver er meintur gerandi og aðrir en ábyrgðaraðili fá ekki upplýsingar um það. Unnið með stuðning við þolanda og mögulega almennar stuðningsaðgerðir við samskipti í samráði við þolanda.

Rannsókn

Ábyrgðaraðili undirbýr rannsókn á því hvort um sé að ræða rökstuddan grun. Setur upp viðtalsáætlun og aflar gagna.

Viðtöl

Ábyrgðaraðili fær til samvinnu sérfræðing/öryggistrúnaðarmann við að framkvæma mat og viðtöl eða framkvæmir viðtöl og skráir og fær aðstoð við mat.

Viðtöl við þolanda og vitni: Rætt við þolanda og meint vitni. Viðtölin og efni þeirra eru trúnaðarmál og viðmælendum óheimilt að segja frá þeim og ræða málið við þolanda eða meintan geranda fyrr en ábyrgðaraðili gefur þeim leyfi til þess.

Viðtal við meintan geranda: Meintum geranda kynnt málið og samantekt úr viðtölum og gögnum án mats á niðurstöðu. Beðinn um eigin lýsingu á hegðun, stað og stund og hverjir hafi verið viðstaddir og að veita aðrar upplýsingar sem hann telji skipta máli.

Metið hvort þurfi að tala við fleiri aðila skv. ábendingu meints geranda og hvort viðtal við hann kalli á annað viðtal við þolanda, önnur vitni og að lokum nýtt viðtal við meintan geranda.

þolanda og vitnum og eftir atvikum meintum geranda boðið að fá stuðning sérfræðings ef ferlið veldur þeim vanlíðan og álagi.

Mat

Að lokinni rannsókn fer fram mat, niðurstöðu er skilað og hún kynnt fyrir þolanda og meintum geranda. Niðurstæða geymir aðgerðaáætlun. Þolanda og geranda boðin sátt um aðgerðaáætlun ef við á eða kynntar aðgerðir.

Ekki einelti, áreitni eða ofbeldi

- Áætlun geymir aðgerðir til að greiða úr samskiptum
- Gefin eru skýr skilaboð um samskipti
- Eftirlit og eftirfylgni skv. áætluninni
- Meintur gerandi og þolandi upplýstir um að máli teljist lokið en sé í eftirfylgni

Einelti, áreitni eða ofbeldi til staðar

- Áætlun geymir ákvörðun um afleiðingar fyrir geranda;
 - áminning eða uppsögn ef við á
 - sáttaferli ef við á, stutt með skýrum skilaboðum um samskipti og eftirlit og eftirfylgni
- Gefin eru skýr skilaboð um samskipti
- Eftirlit og eftirfylgni skv. áætluninni
- Meintur gerandi og þolandi upplýstir um að máli teljist lokið en sé í eftirfylgni

Eftirfylgni

- Stuðningur við aðila/þolanda, fylgst með andlegri líðan og gengi
- Tímasett mat á árangri aðgerða
- Sem hluti þess mats er endurmat á aðgerðum og hvort þörf er t.d. á frekari aðgerðum, s.s. breytingum á vinnustað, viðbrögðum, vinnuskipulagi eða öðru.

Viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni, ofbeldis

Tilkynning, upplýsingar berast

Rannsókn

Viðtöl við meintan þolanda, meintan geranda og vitni ef það á við.

Mat

Niðurstöður kynntar þolanda og geranda ásamt aðgerðaáætlun

Ekki einelti, áreitni, ofbeldi

Aðgerðaáætlun geymir aðgerðir til að greiða úr samskiptum

Einelti, áreitni, ofbeldi til staðar

Aðgerðaáætlun geymir ákvörðun um afleiðingar fyrir geranda

Eftirfylgni

Stuðningur við aðila/þolanda, fylgst með andlegri líðan og gengi.

Mat á árangri aðgerða